

Mál nr. 120/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs

Nafn vátryggingartaka ábyrgðartryggingar sveitarfélagið X

Skaðabótaábyrgð. Sveitarfélag

Gögn.

1. Málskot, ásamt fylgiskjöllum, móttengið 19. apríl 2022
2. Bréf V dags. 19. maí 2022

Málsatvik.

Í gögnum málsins kemur fram að kvöldi þann 26. mars 2022 var M að keyra í Vesturvör í Kópavogi þegar ökutækið fer ofan í opinn brunn á veginum með þeim afleiðingum að ökutækið skemmist.

M telur að orsök slyssins megi reka til þess að X, sem sveitarfélag, beri ábyrgð á því að vegur, sem opinn er almenningi til frjálsrar umferðar, sé viðhaldið með eðlilegum hætti. X hafi verið upplýst að lokið á brunninum væri iðulega að losna og að brunnurinn stæði þá opinn með tilheyrandi hættueiginleikum fyrir akandi. Þá hafi X ekki látið gera við opið með viðeigandi hætti.

V hafnar kröfum M og vísar til þess að þó X hafi vitað af því að brunnurinn hafi verið opinn þá hafi X gripið til viðeigandi ráðstafana, s.s. með því að setja upp merkingar til þess að taka niður hraðann á umræddum vegarkafla. Þá hafi verið haft samband við verktaka til að laga brunnlokið, en til bráðabirgða hafi malbik verið sett undir karm brunnloksins til að gera það stöðugt. Einnig virðist sem merkingar hafi verið keyrðar niður, en ekki sé hægt að gera þá kröfu á X að hann fylgist með merkingum allan daginn. Þannig hafi X ekki sýnt af sér gáleysi við veghaldið, heldur þvert að móti brást X strax við og hann vissi af brunnlokinu og setti upp merkingar ásamt því að reyna að festa brunnlokið til bráðabirgða.

Álit.

Af gögnum málsins er ljóst að brunnlok, sem er á vegi á ábyrgð X, var laust og hafði reglulega losnað með þeim hætti að opinn brunnur var á veginum með tilheyrandi hættu fyrir akandi. Þannig hefur X viðurkennt að hafa vitað af framangreindu og ágreiningur snýr að því hvort X hafi gripið til fullnægjandi úrræða. Í gögnum málsins liggja fyrir yfirlýsingar aðila á samfélagsmiðlinum Facebook þar sem ótengdir aðilar staðfesta að pottlokið hafi verið lengi til vandræða, þ.e. hafi verið að losna og það hafi verið til vandræða „alla vikuna“, alla vega frá „miðvikudegi“ en slysið varð á laugardegi. Þá er í gögnum málsins færslur annarra aðila sem þekkja vel til, keyra daglega þessa leið, og segja að lokið sé alltaf að fara af og sett aftur á og sé stórhættulegt ef aðili sé ekki kunnugur. Segir að það eigi löngu að vera búið að laga þetta þar sem opna gatið sjáist mjög illa, í reynd ekki fyrir en keyrt sé ofan í holuna. Þá liggur fyrir að í vikunni þegar slysið varð voru aðilar á vegum X að laga eða malbika í kringum brunninn þar sem reynt er að laga opið til að festa pottlokið. Gögn málsins sýna þannig að X, eða starfsmenn X, vissu að brunnlokið væri iðulega að losna og að vegurinn væri hættulegur. Hafði X kallað til verktaka sem malbikuðu undir lokið í þeim tilgangi að reyna að festa lokið. Að öllu framangreindu virtu verður að telja að það hafi ekki verið fullnægjandi viðbrögð hjá X að setja upp vegamerki í þeim tilgangi að lækka hraða á umræddu svæði. Þess í stað hafði X reynt að grípa til aðgerða, s.s. með að festa brunnlokið, sem virðist ekki hafa tekist, enda um viðvarandi vandamál að ræða. Af framangreindu verður að telja að sé að ræða slys sem rekja má til atriða sem X ber skaðabótaábyrgð á að lögum og er bótaskylda því fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu sveitarfélagsins X hjá V.

Reykjavík, 21. júní 2022

Þóra Hallgrímsdóttir

Jóhann Tómas Sigurðsson

Heiða Óskarsdóttir